

## AUGLÝSING

### um staðfestingu verlagsreglna Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.

Með vísan til gr. 6.3. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 og 37. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með áorðnum breytingum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verlagsreglur Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga sem settar voru með heimild í gr. 4.5. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, og voru samþykktar af stjórn Bændasamtaka Íslands hinn 10. desember 2008 til að öðlast gildi við staðfestingu ráðherra. Verlagsreglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Með þessari auglýsingu falla brott eldri verlagsreglur um bústofnskaupastyrki til frumbýlinga sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 108/2008, sbr. einnig auglýsingu nr. 501/2008.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. janúar 2009.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **Verlagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga.**

1. gr.

Samkvæmt samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 verður árlega varið 35 milljónum króna til nýliðunar í stétt sauðfjárbænda, í formi styrkja til bústofnskaupa, bæði til frumbýlinga og við ættliðaskipti á bújörðum. Framlögin beinast að einstaklingum, þannig getur sami aðili aðeins notið framlags einu sinni, í eigin nafni eða til lögaðila sem hann á að meirihluta og rekur. Þó er heimilt að skipta framlaginu á allt að þrjú ár í röð ef bústofnskaup fara fram á þeim tíma. Hjón og sambýlisfólk teljast einn einstaklingur í skilningi þessara reglna.

2. gr.

Framlög eru veitt til nýliða í sauðfjárbúskap. Þeir einstaklingar sem eitt eða fleiri neðangreindra skilyrða gilda um teljast ekki til nýliða:

- Hafa verið skráðir handhafar beingreiðslna frá og með árinu 2000 eða síðar.
- Hafa verið eigendur að félagsbúum, einkahlutafélögum eða öðru fyrirtækjaformi sem rekið hefur sauðfjárbú frá og með árinu 2000 eða síðar.
- Hafa átt fleiri en 50 fjár samkvæmt forðagæsluskýrslum frá og með árinu 2000 eða síðar.

3. gr.

Framlög eru veitt til bústofnskaupa og miðast við kaup á sauðfé umfram 50 fjár. Umsókn um framlag skal skila inn til Bændasamtaka Íslands fyrir 1. mars ár hvert. Með umsókn skal framvísa gögnum sem sýna fram á að kaup á bústofni hafi sannanlega átt sér stað. Framlag getur numið allt að 4.000 kr. á kind. Heimilt er að hækka framlag á kind, ef fjárhæðin sem til ráðstöfunar er, gengur ekki út.

4. gr.

Þeir sem fengið hafa úthlutað styrk skv. 3. gr. og sækja um aftur skv. 1. gr. næsta og/eða þarnæsta ár á eftir geta sótt um sambærilegan styrk vegna fjölgunar í eigin bústofni. Eingöngu er þá heimilt að

veita styrk út á þá fjölgun vetrarfóðraðra kinda sem umsækjandi sýnir fram á að hafi orðið vegna ásetnings úr eigin fjárstofni.

5. gr.

Bændasamtök Íslands annast afgreiðslu umsókna. Fullnægi umsókn öllum skilyrðum skal fyrst úthluta fullum framlögum til kaupa á fyrstu 500 kindunum skv. hverri umsókn. Ekki er þó greitt framlag vegna fyrstu 50 kindanna í hverjum kaupum, nema þegar framlaginu er skipt skv. 1. gr. Að því loknu skal úthluta sömu framlögum til kaupa á kindum umfram 500, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

6. gr.

Gerður verður samningur um nýliðunarframlag. Þar skal koma fram að framlagið fyrnist á fimm árum. Láti handhafi að framlagi af búskap á samningstímanum skal semja um hlutfallsleg skil á eftirstöðvum.

7. gr.

Áður en framlag kemur til greiðslu skal umsækjandi sýna fram á að hann eigi eða leigi rekstur á lögbýli og eigi lögheimili þar. Jafnframt skal umsækjandi leggja fram gögn um að hann hafi ÍSAT númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein, virðisaukaskattsnúmer sem og gögn um að hann sé aðili að eða hafi sótt um aðild að gæðastýringu í sauðfjárrækt.

8. gr.

Komi í ljós að fjárveitingar dugi ekki til að veita full framlög til allra sem á þeim eiga rétt skv. reglum þessum skal fyrst skerða hlutfallslega framlög til kaupa á kindum umfram 500 sbr. 4. gr. Nægi það ekki skal skerða önnur framlög á sama hátt. Ef ekki tekst að úthluta öllu því fjármagni sem er til ráðstöfunar, er heimilt að bæta upp skerðingar sbr. 1. mgr. allt að tvö ár aftur í tímann. Að öðru leyti fer ráðstöfun fjármuna eftir ákvæðum samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007.

9. gr.

Þeir sem uppfylla skilyrði reglna þessara geta sótt um framlag skv. þeim vegna bústofnskaupa sem fram hafa farið frá og með 1. janúar 2008 eða síðar. Jafnframt geta styrkhafar frá árinu 2008 sótt um viðbótarframlag skv. ákvæðum 1. og 4. gr.

10. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 voru samþykktar af stjórn Bændasamtaka Íslands hinn 10. desember 2008 til að öðlast gildi við staðfestingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.